

Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar - 2 (18.9.2018) - Tillaga um hinsegin fræðslu - heilsueflandi samfélag

Málsnúmer : 1808123
Málsaðili : Bæjarmálaafli Garðabæjar
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 18.09.2018

Inngangur : Garðabæjarlistinn leggur til að bæjarstjórn óski eftir gerð þjónustusamnings við Samtökin '78 um hinsegin fræðslu sem nýtist sem flestu starfsfólki Garðabæjar og um leið börnum og ungmennum. Garðabæjarlistinn leggur áherslu á tvenns konar inntak samnings. Annars vegar markvissa hinsegin fræðslu til ungmenna á grunnskólastigi og hins vegar almenna fræðslu fyrir starfsfólk Garðabæjar þar sem starfsfólki leik- og grunnskóla er veitt sérstök fræðsla en einnig þar sem boðið verður upp á hinsegin fræðslu fyrir allt starfsfólk. Uppræting fordóma er eina leiðin til þess að hinsegin fólk njóti öryggis í samfélaginu. Garðabæjarlistinn vill að markviss hinsegin fræðsla verði eitt þeirra markmiða sem falla undir heilsueflandi samfélag, enda er andleg líðan stór og mikilvægur þáttur góðrar heilsu.

Niðurstaða : ÍTG tekur undir mikilvægi þess að eyða hvers kyns fordómum og hvetur til að haldið sé uppi fræðslu um málefni "hinsegin" fólks innan íþrótt- og æskulýðsstarfsins.